

Ár 1988, fimmtudaginn 20. apríl, var í málinu nr. 1/1988 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir, að ágreiningur hefur risið á milli Kjalarneshrepps og Kristjáns Guðmundssonar, Malarási 2 í Garðabæ, eiganda jarðarinnar Hrafnhóla í Kjalarneshreppi, um það, hvort jörðin Hrafnhólar skuli skattlögð samkvæmt a - lið 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga eða skv. b - lið sömu greinar.

Kristján Guðmundsson skaut ágreiningsmáli þessu til nefndarinnar með bréfi dags. 9. febrúar 1988. Í bréfinu segir Kristján: „Ég undirritaður kæri fasteignaskatt álagðan 1988 á lögbýlið Hrafnhóla Kjalarneshreppi. Undirritaður hefur átt þessa jörð síðan 1977 og hefur greitt fasteignaskatt af lögbýlinu samkvæmt lið A í lögum um tekjur sveitarfélaga. Nú bregður svo við að lagður er á fyrrnefnt lögbýli gjöld samkvæmt lið B eða 1,25%." Síðar segir Kristján í bréfinu: „Það skal fram tekið að afnot af jörðinni til þessa hafa verið vegna hrossaréktar, og eru staðsett þar á milli 30 - 40 hross árið yfir.“

Hreppsnefnd Kjalarneshrepps var send framangreind kára Kristjáns til umsagnar. Í bréfi Péturs Þórðarsonar, sveitarstjóra segir m.a.: „A- fasteignaskattur var ákveðinn 0,5% og B- fasteignaskattur 1,25% á fundi sveitarstjórnar Kjalarneshrepps, 6. janúar s.l.

Hrafnhólar eru í eyði, samkv. íbúaskrá 1. des. s.l. og enginn landbúnaður stundaður þar. Vitað er að Kristján hefur verið þar með hross, en sveitarstjórn taldi það ekki næga ástæðu til að skattleggja Hrafnhóla í A- flokki.“


Samkvæmt því, sem fram er komið hér að framan hjá báðum aðilum þessa máls, er ljóst, að á Hrafnhólum er ekki stundaður nú hefðbundinn landbúnaður, sem getur talist atvinnurekstur eða þáttur í atvinnurekstri.


Í 2. gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 320/1972 eru ítarlegar skýringar á 3. gr. laga nr. 73/1980. Í lok 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 320/1972 segir: „og fasteignir, sem nýttar eru í þágu húsdýrahalds sem tómstundiðju fyrst og fremst, skulu því skattlagðar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.“, en 1. mgr. 3. greinar fjallar um skattlagningu skv. b- lið 3. gr. laga nr. 73/1980.


Ákvörðun hreppsnefndar Kjalarneshrepps um að hækka skattlagningu
skv. b - lið 3. gr. laga nr. 73/1980 um 25%, telst löglega tekin,
sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 320/1972.

ÚRSKURÐARORÐ :

Álagning fasteignaskatts 1988 á ofangreinda fasteign skal vera
á grundvelli b- liðar 3. gr. laga nr. 73/1980.


Pétur Stefánsson,


Andrés Svanbjörnsson,


Arni Stefánsson.